

Fundargerð fundar minjaráðs Norðurlands vestra, sem haldinn var á Skagaströnd, 3. febrúar 2017, kl 11 – 15:30, í Gamla Kaupfélagshúsinu, Einbúastíg 2.

Mætt voru: Þór Hjaltalín, minjavörður, Guðný Hrund Karlsdóttir og Gunnsteinn Björnsson, fulltrúar SSNV, Laufey Haraldsdóttir og Ingibergur Guðmundsson, fulltrúar Minjastofnunar og Guðmundur Lúther Hafsteinsson og Sigríður Sigurðardóttir, fulltrúar Þjóðminjasafns.

1. **Dagskrá fundar.** Þór setti fund, kynnti dagskrá fundar og tilnefndi Sigríði sem ritara.
2. **Ályktun um skipulagsmál í Glaumbæ og mikilvægi fornleifa þar í túni, austur af gamla bænum.** Sveitarfélaginu Skagafirði, sem fer með skipulagsmál, og Þjóðkirkjunni, sem er jarðeigandinn, verður send ályktun minjaráðs þess efnis að samkomulag náist um nýtingu minjasvæðisins, verndun þess og mögulega notkun. Erindið verður sent Kirkjuráði, sem fer með jarðeignir Þjóðkirkjunnar. Minjaverði var falið að senda ályktunina fyrir hönd minjaráðs.
3. **Bætt aðgengi að áhugaverðum minjastöðum.** Þór Hjaltalín kynnti ný deiliskipulög á Hegranesþingstað og Borgarvirki, umhverfisskipulag fyrir Örlýgsstaði og skilti í Ólafslundi við Sveinsstaði, um náttúrufar og sögu Vatnsdals. Arnar Þór, landslagsarkitekt á Teiknistofu Norðurlands, sá um skipulagsvinnu og skiltisgerð. Deiliskipulag fyrir Hegranesþing gerir ráð fyrir allstóru bílastæði og snyrtingu og uppbyggðum göngustíg með útsýnispalli í brekkunni vestan við minjasvæðið þar sem hægt verður að horfa yfir þingstaðinn. Deiliskipulag Borgarvirkis gerir ráð fyrir bílastæði með hlöðnum skjólveggjum, snyrtingu sem felld verður að hluta inn í brekkuna við bílastæðið og göngustíg með minni halla en nú er og tröppum. Umhverfisskipulagið sem unnið var fyrir Örlýgsstaði er ekki lögformlegt ferli en þýðir að landeigendur þekkja áform um landnotkun og leiðir og hafa samþykkt þau. Minjastofnun er að setja upp skilti og prílur yfir girðingar hér og hvar fyrir svæði og sögustaði og þar sem takmarkaður texti kemst á skiltin er sett á þau QR-merki svo áhugasamir vegfarendur geti nálgast frekari upplýsingar ef þeir vilja.
4. **Verndarsvæði í byggð.** Þór kynnti stöðu mála. Þau svæði sem fengu styrk eru flest farin af stað með þessa vinnu. Samtals er unnið að 24 verkefnum á landinu. Á Norðurlandi vestra voru það Sauðákrókur, Hofsó, Blönduós og Borðeyri. Vinnan á að fara fram í sátt og samkvæmt tillögum heimamanna. Minjastofnun er að vinna að bæklingi þar sem fram kemur hvernig á að standa að svæðisvernd og kynntar aðferðir til að meta væntanleg verndarsvæði.
5. **Önnur mál.** Tími gafst ekki til að taka fyrir áhugaverða ferðamannastaði, leiðir í héraði og bækling minjaráðs, sem tilnefnd voru í dagskrá undir þessum lið.
6. **Staðarkynning.** Ingibergur Guðmundsson kynnti sögu hússins sem fundað var í. Það var byggt á árunum 1929-1930 af Verslunarfélagi Vindhælinga og hýsti það Kaupfélag Skagastrendinga fram á 7. áratug 20. aldar. Þá var kaupfélagið sameinað Kaupfélagi Húnvetninga sem notaði húsið fram á 9. áratuginn. Á kaupfélagatíma var kjallarinn notaður sem pakkhús, á miðhæðinni var verslun og á efstu hæð voru skrifstofur, herbergi fyrir starfsfólk, saumastofa og ýmislegt fleira, t.d. voru leikrit sett á fjallir þar fyrrum. Húsið var selt 2005 og gert upp. Nú eru í húsinu skrifstofur fjölda stofnana og fyrirtækja, þ.á.m. BioPol sjávarlíftækni- og Rannsóknarstöð HÍ, Atvinnuþróun SSNV og fjarnámsstofa sveitarfélagsins. Ingibergur rakti sögu Skagastrandar í stuttu máli frá landnámi

til nútíma. Skagaströnd (Höfðakaustaður) varð konungsverslunarstöð 1602 og einokunarverslun fram eftir 18. öld. Farið var í miklar hafnargerðarframkvæmdir 1934 sem gjörbreyttu aðstöðu til útgerðar. Skagaströnd var í fremstu röð útgerðastaða á 20. öld. Á árunum 1944-5 lét ríkið reisa þar síldarverksmiðja sem notuð var á meðan síldin gaf sig. Á árunum 1974 og 1980 voru keyptir togarar sem veiddu vel. Skagstrendingar voru flestir á árunum 1980-1990 þegar 700 manns bjuggu þar. Þá lifðu langflestir á útgerðinni en nú árið 2017 eru íbúar Skagastrandar 500 og stunda flestir þjónustustörf af ýmsum toga.

Vettvangsferð um Hólanes. Frá gamla kaupfélagshúsinu lá leiðin í Spákonuhofið þar sem minjaráðsfulltrúar voru kynntir fyrir Þórdísi spákonu og hvernig unnið er með sögu hennar. Þaðan leiddi Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri, hópinn um Hólanessvæðið og sýndi m.a. Árnes og Bjarmanes, sem eru elstu hús bæjarins og er vel við haldið.